

Handverkslota/Mótun

Tímabil 24. nóv - 18.des 2025
Bekkur 8.bekkur
Kennari Sigurbjörg

Markmið og kennsla

Í lotunni er unnið með leirmótun og eru þrjú verkefni unnin. Tvö verkefni eru unnin í gegnum umbreytingu forms þannig að byrjað er með eitt form og það síðan mótað yfir í annað form. Upphafsform er annaðhvort kúla eða ávalt/sívalt form. Fyrsta verkefni er að móta form mannshjartans út frá liffræðilegu formi. Þar er markmið að vinna form líffærisins út frá kúlulaga formi. Verkefni tvö er að vinna íhvolft ljósker (sem passar fyrir sprittkerti) úr kúlulaga formi. Markmiðið er að geta formað íhvolfan hlut sem er bæði nytsamur sem ljósker og jafnframt í góðu jafnvægi og fallegur. Verkefni þrjú er frjálst ferli þar sem nemandi býr sér til eigin nytjahlut úr leir, bolla, skál ofl. og nýtir sér þær aðferðir sem hann hefur lært.

Leir mótun í Waldorfskólanum er unnin með það í huga að gera barninu kleift að velta fyrir sér og vinna með sköpunarferla og náttúrulega ferla t.d. umbreytingu í efniviðinn og styrkja viljakraftinn sinn í gegnum þessa vinnu. Mótun stuðlar að betri rýmisvitund og þjálfar hendurnar í skynjun og fínhreyfingum auk þess að dýpka listræna skynjun og innsæi. Ennfremur er lögð áhersla á góð vinnubrögð, að geta lokið við hlut á vandaðan máta og að umgangast hráefni og verkfæri af alúð og ábyrgð.

Hæfniviðmið

nemandi getur:

- *-fetað sig eftir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,
- *- hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við vandað viðfangsefni,
- *- unnið í skapandi ferli með frumkvæði og einbeitingu,
- *- haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,
- unnið vel og skipulega að afmörkuðu verkefni og lokið því.
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Námsmat

Vinnumat kennara/leiðbeinandi mat.

Þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sjálfstæði

Skil á verkefnum og sjálfsmat/vinnuma

Efni

Steinleir og áhöld
Allt efni frá skóla

[illegible]